

TILSKIPUN RÁÐSINS nr. 92/53/EBE

frá 18. júní 1992

um breytingu á tilskipun 70/156/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100 gr. a.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,í samvinnu við Evrópuþingið ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Mikilvægt er að samþykkja ráðstafanir með það í huga að koma smám saman á fót innri markaði fyrir 31. desember 1992. Innri markaðurinn á að mynda svæði án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar, fólksflutningar, þjónustustarfsemi og fjármagnsflutningar eru tryggðir.

Í tilskipun 70/156/EBE ⁽⁴⁾ var mælt fyrir um gerðarviðurkenningu á ökutækjum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum innan bandalagsins sem framleidd eru í samræmi við tækniröfur sem settar eru fram í sértilskipunum og einnig tæmandi skrá yfir ökutæki, íhluta og aðskildar tæknieiningar sem tilskipanir þessar náðu til.

Til að greiða fyrir stofnun og starfsemi hins innri markaðar bandalagsins virðist rétt að í stað þeirra gerðarviður-

kenninga sem nú eru fyrir hendi í hverju aðildarríki komi gerðarviðurkenningar bandalagsins.

Til að markmiði með téðri gerðarviðurkenningu verði náð á sem skilvirkastan hátt virðist nauðsynlegt að kveða nákvæmar og skilmerkilegar á í stjórnslufyrirmælum hennar. Í þessu felst meðal annars að í fyrirmælunum sé gert ráð fyrir gerðarviðurkenningu á heilu ökutæki með því að safna saman viðurkenningum á hlutum þess, íhlutum og aðskildum tæknieiningum, óski framleiðandi þess, og, ef um er að ræða ökutæki sem smíðuð eru í mörgum þrepum hjá mörgum framleiðendum, með því að safna saman viðurkenningum af mismunandi þrepum framleiðslunnar.

Þó að ökutæki standist kröfur ákvæða þessarar tilskipunar kunna tilteknir eiginleikar þess engu að síður að stofna umferðaröryggi í hættu. Því er æskilegt að aðildarríkjum sé heimilt að synja slíkum gerðum ökutækja um viðurkenningu, svo og að banna sölu þeirra, að þau séu tekin í notkun og að þau séu skráð. Skilgreina skal nauðsynleg skilyrði fyrir slík tilvik.

Gerðarviðurkenning bandalagsins er lögboðin og því er nauðsynlegt að gera ráð fyrir undantekningum og mæla fyrir um annars konar málsmeðferð sem grípa má til ef um er að ræða ökutæki sem hönnuð eru til sérstakra nota eða eru raðsmíðuð í fáum eintökum eða þar sem ný tækni er notuð sem ákvæði sértilskipana ná ekki til.

Til að auðvelda aðgang að mörkuðum ríkjum sem eru utan bandalagsins er heimilt, við sérstakar aðstæður, að samþykkja viðurkenningar á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem byggjast á jafngildum alþjóðlegum reglum, eða reglum í löndum utan bandalagsins. Ákvörðun um hvort slíkar reglur eru jafngildar skal taka með beitingu þeirra ákvæða sáttmálans sem við eiga.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 301, 21. 11. 1991, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 67, 16. 3. 1992, bls. 44 og Stjtið. EB nr. 176, 13. 7. 1992.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 79, 30. 3. 1992, bls. 4.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1. Síðast breytt með tilskipun 87/403/EBE (Stjtið. EB nr. L 220, 8. 8. 1987, bls. 44).

Til að aðferðir bandalagsins við gerðarviðurkenningu liggja ljósar fyrir er nauðsynlegt að mæla fyrir um ákvæði sem kveði á um að aðildarríki tilkynni hvert öðru og framkvæmdastjórninni um yfirvöld og tæknipjónustu sem annast gerðarviðurkenningu, svo og þau ákvæði er varða gæðaviðmiðanir sem þeir síðastnefndu skulu standast.

Þar eð viðaukar við þessa tilskipun taka einungis til ökutækja í flokki M₁ gildir þessi tilskipun einungis um slík ökutæki. Ráðlegt virðist að aðildarríkjum sé heimilt að beita áfram innlendum gerðarviðurkenningum á ökutæki í öllum öðrum flokkum í samræmi við 10. gr. tilskipunar 70/156/EBE, þar til lokið er samningu viðauka með ákvæðum um slík ökutæki.

Framleiðendum skal heimilt að velja á milli aðferða við gerðarviðurkenningu samkvæmt þessari tilskipun og þeirrar aðferðar sem kveðið er á um í 10. gr. tilskipunar 70/156/EBE í þrjú ár til að nægileg tækifæri til tæknilegrar og stjórnunarlegrar aðlögunar séu fyrir hendi, frá nágildandi valfrelsi bandalagskrafna til lögbodinnar gerðarviðurkenningar sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Viðurkenningar sem veittar eru í samræmi við síðarnefndu aðferðina skulu gilda til 31. desember 1997.

Áðurnefndum bráðabirgðaákvæðum er ekki ætlað að gefa aðildarríkjunum tækifæri til að víkja frá ákvæðum sértilskipana sem byggðar eru á algerri samræmingu.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 70/156/EBE :

1. Í stað 1. til 16. gr. komi eftirfarandi greinar:

„1. gr.

Gildissvið

Þessi tilskipun gildir um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra sem smíðaðir eru í einu eða fleiri þrepum sem varða kerfi, íhluta eða aðskildar tæknieiningar til notkunar í slíkum ökutækjum eða eftirvögnum.

Hún gildir ekki um:

- viðurkenningu á stökum ökutækjum nema að því leyti að aðildarríki sem veita slíka viðurkenningu skulu taka gilda viðurkenningu á kerfi, íhluta, aðskilinni tæknieiningu eða ófullbúnu ökutæki sem veitt hefur verið samkvæmt þessari tilskipun í stað viðkomandi innlendrar kröfu,

- „fjórhljó“ í skilningi 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 92/61/EBE varðandi gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum með tveimur eða þremur hjólum (*).

(*) Stjtið. EB nr. 225, 10. 8. 1992, bls. 72.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- *gerðarviðurkenning*: eftirlit aðildarríkis með því að tiltekin gerð ökutækis, kerfi, íhluti eða aðskilin tæknieining fullnægi viðeigandi tæknilegum kröfum þessarar tilskipunar eða sértilskipunar sem er í annarri af skránum í IV. eða XI. viðauka,
- *fjölþrepa gerðarviðurkenning*: eftirlit eins aðildarríkis eða fleiri með því að ófullbúin eða fullbúin gerð ökutækis í áföngum fullnægi viðeigandi tæknilegum kröfum þessarar tilskipunar,
- *ökutæki*: öll vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra sem ætluð eru til aksturs á vegum, fullbúin eða ófullbúin, á fjórum eða fleiri hjólum og hönnuð fyrir hámarkshraða yfir 25 km/klst., að undanskildum ökutækjum sem fara eftir teinum, landbúnaðardráttarvélum og öllum hreyfanlegum vélbúnaði,
- *grunnökutæki*: ófullbúið ökutæki sem heldur sama verksmiðjunúmeri ökutækis á síðari þrepum fjölþrepa gerðarviðurkenningar,
- *ófullbúið ökutæki*: ökutæki sem ekki er fullbúið að því er varðar eitt þrep hið minnsta til að standast allar kröfur þessarar tilskipunar sem við eiga,
- *fullbúið ökutæki í áföngum*: ökutæki sem búið er að fara í gegnum öll þrep fjölþrepa gerðarviðurkenningar og stenst allar kröfur þessarar tilskipunar sem við eiga,
- *gerð ökutækis*: ökutæki í einum flokki sem eru eins að því er varðar þá grundvallareiginleika sem tilgreindir eru í II. viðauka B. Innan gerðar ökutækis geta verið afbrigði og mismunandi útgáfur (sjá II. viðauka B),
- *kerfi*: sérhvert kerfi í ökutæki svo sem hemlar, mengunarvarnarbúnaður, innréttingar, o.s.frv.,
- *íhluti*: búnaður svo sem ljósker, sem kröfur sértilskipunar gilda um, sem ætlaður er sem hluti af

ökutækinu en heimilt er að gerðarviðurkenna óháð því, sé kveðið á um það í sértilskipuninni,

- *aðskilin tæknieining*: búnaður, svo sem undirakstursvörn, sem kröfur sértilskipunar gilda um og ætlaður er sem hluti af ökutæki; hann getur fengið sérstaka gerðarviðurkenningu, sé kveðið á um það í sértilskipuninni, en einungis í tengslum við eina eða fleiri tiltekna gerðir ökutækja,
- *framleiðandi*: einstaklingur eða aðili sem er ábyrgur fyrir öllum hliðum gerðarviðurkenningar gagnvart yfirvaldi sem annast viðurkenningu, svo og fyrir samræmi framleiðslunnar. Einstaklingurinn eða aðillinn þarf ekki að tengjast með beinum hætti öllum þrepum í smíði ökutækis, kerfis, íhluta eða aðskilinnar tæknieiningar sem háð er viðurkenningu,
- *viðurkenningaryfirvöld*: lögbær yfirvöld aðildarríkis sem annast allar hliðar viðurkenningar á gerð ökutækis, kerfi, íhluta eða aðskilinni tæknieiningu, útgáfu og (ef við á) afturköllun á gerðarviðurkenningavottorðum, tengsl við viðurkenningaryfirvöld annarra aðildarríkja og eru ábyrg fyrir sannpröfun á aðferðum framleiðanda við að halda samræmi í framleiðslu,
- *tækniþjónusta*: stofnun eða aðili sem er útnefndur til að annast prófanir á prófunarstofu eða skoðanir fyrir hönd viðurkenningaryfirvalds aðildarríkis. Viðurkenningaryfirvöldum er einnig heimilt að annast þetta hlutverk sjálf,
- *upplýsingaskjal*: skjal sem kveðið er á um í I. eða III. viðauka við þessa tilskipun eða samsvarandi viðauka við sértilskipun en í því er lýst þeim upplýsingum sem umsækjandi skal láta í té,
- *upplýsingamappa*: heildarmappa gagna, teikninga, ljósmynda o.s.frv. sem umsækjandi lætur tækniþjónustu eða viðurkenningaryfirvöldum í té eftir því sem lýst er í upplýsingaskjali,
- *upplýsingasafn*: upplýsingamappa að viðbættum öllum prófunarskýrslum eða öðrum skjölum sem komið hafa frá tækniþjónustu eða viðurkenningaryfirvöldum meðan á störfum þeirra stóð.
- *atriðaskrá með upplýsingasafni*: skjal sem í er skrá yfir innihald upplýsingasafnsins, þar sem það er tölusett eða merkt á annan hátt til að auðkenna megi allar blaðsíður.

3. gr.

Umsókn um gerðarviðurkenningu

1. Framleiðandi skal leggja fram umsóknir um gerðarviðurkenningu til viðurkenningaryfirvalds aðildarríkis. Með umsókninni skal fylgja upplýsingamappa sem í eru þær upplýsingar sem krafist er í III. viðauka og í viðurkenningavottorðum fyrir hverri sértilskipun sem við á eins og krafist er í IV. eða XI. viðauka. Þá skal upplýsingasafn fyrir hverja sértilskipun vera til reiðu fyrir viðurkenningaryfirvöld þar til viðurkenning er veitt eða synjað um hana.

2. Nú eru viðurkenningavottorð ekki tiltæk fyrir neina af þeim sértilskipunum sem við eiga og skulu meðfylgjandi skjöl, þrátt fyrir 1. mgr., innihalda upplýsingamöppu þar sem í eru allar upplýsingar sem við eiga samkvæmt því sem krafist er í I. viðauka varðandi sértilskipanir sem tilgreindar eru í IV. eða XI. viðauka og, ef við á, II. hluta III. viðauka.

3. Ef um er að ræða fjölþrepa gerðarviðurkenningu skulu upplýsingarnar samanstanda af:

- 1. þrep: þeim hlutum upplýsingamöppu og viðurkenningavottorða sem krafist er fyrir fullbúið ökutæki og sem eiga við eftir því hversu langt smíði grunnökutækisins er komin,
- síðari þrep: þeim hlutum upplýsingamöppu og viðurkenningavottorða sem eiga við núverandi þrep smíðinnar og afrit af viðurkenningavottorði fyrir ófullbúið ökutæki sem gefið var út á síðasta þrepi smíðinnar. Að auki skal framleiðandi láta í té allar upplýsingar um breytingar og viðbætur sem framkvæmdar voru á ökutækinu ófullbúnu.

4. Framleiðandi skal leggja fram umsóknir um gerðarviðurkenningu fyrir kerfi, íhluta eða aðskilda tæknieiningu til viðurkenningaryfirvalds aðildarríkis. Með umsókninni skal fylgja upplýsingamappa en innihald hennar skal koma fram á upplýsingaskjali viðkomandi sértilskipunar.

5. Óheimilt er að leggja fram umsókn fyrir eina gerð ökutækis, kerfi, íhluta eða aðskilda tæknieiningu í fleiri en einu aðildarríki. Sérstök umsókn um viðurkenningu skal lögð fram fyrir hverja gerð.

4. gr.

Gerðarviðurkenning

1. Aðildarríki skal veita:

a) gerðarviðurkenningu ökutækis:

- gerðum ökutækja sem eru í samræmi við efnisatriði í upplýsingamöppu og standast tækni-kröfur í öllum sértilskipunum sem við eiga og eins og mælt er fyrir um í IV. viðauka,

- gerðum ökutækja til sérstakra nota sem getið er um í XI. viðauka og eru í samræmi við efnisatriði í upplýsingamöppu og standast tækniröfur sértílskipana eins og lýst er í viðkomandi dálki í XI. viðauka.

Gerðarviðurkenna skal eftir aðferðum sem lýst er í V. viðauka;

- b) fjölþrepa gerðarviðurkenning fyrir gerðir ófullbúinna grunnökutækja, eða fullbúinna í áföngum sem eru í samræmi við efnisatriði upplýsingamöppu og standast tækniröfur sértílskipana sem við eiga og mælt er fyrir um í IV. eða XI. viðauka eftir því hversu langt smíði ökutækjagerðarinnar er komin.

Gerðarviðurkenna skal eftir aðferðum sem lýst er í XIV. viðauka;

- c) gerðarviðurkenning kerfis fyrir gerðir ökutækis sem eru í samræmi við efnisatriði upplýsingamöppu og standast tækniröfur viðkomandi sértílskipana;
- d) gerðarviðurkenning íhluta eða aðskilinnar tæknieiningar fyrir allar gerðir íhluta eða aðskilinnar tæknieininga sem eru í samræmi við efnisatriði upplýsingamöppu og standast tækniröfur sértílskipana sem við eiga þar sem kveðið er á um að slíkt sé heimilt.

2. Aðildarríki er þó heimilt að synja um gerðarviðurkenningu komist það að því að ökutæki, kerfi, íhluti eða aðskilin tæknieining ógni umferðaröryggi þó hún sé í samræmi við ákvæði 1. mgr. Það skal tilkynna öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni þetta án tafar og tilgreina ástæður fyrir ákvörðun sinni.

3. Hvert aðildarríki skal fylla út alla liði gerðarviðurkenningarvottorðs sem við eiga (fyrirmyndir að þeim er að finna í VI. viðauka við þessa tilskipun og í hverjum viðauka við sértílskipanir um sig) fyrir hverja gerð ökutækis, kerfi, íhluta eða aðskilda tæknieiningu sem það viðurkennir og að auki skal það fylla út viðkomandi liði á eyðublaði fyrir prófunarmiðurstöður (fyrirmynd að því er að finna í VIII. viðauka) og loks safna saman eða sannprófa innihald upplýsingasafnsins. Raða skal viðurkenningarvottorðum í númeraröð í samræmi við aðferðina sem lýst er í VII. viðauka. Útfyllt vottorð og meðfylgjandi eyðublað skal síðan láta umsækjanda í té.

4. Nú þjórnar íhluti eða aðskilin tæknieining, sem lögð hefur verið fram til viðurkenningar, einungis hlutverki sínu í sambandi við aðra hluta ökutækisins og því einungis hægt að ákvarða hvort hún stenst kröfu eða

kröfur þegar hún vinnur með öðrum hlutum þess, hvort sem þeir eru raunverulegir eða eftir þeim líkt, og skal þá afmarka gildissvið gerðarviðurkenningarinnar fyrir íhluta eða aðskilda tæknieiningu eftir því. Taka skal fram í gerðarviðurkenningarvottorðinu fyrir íhluta eða aðskilda tæknieiningu sérhverja takmörkun á notkun þeirra og þau skilyrði sem gilda um áfestingu. Sannprófa skal að þessar takmarkanir og skilyrði hafi verið virt þegar ökutækið er gerðarviðurkennt.

5. Viðurkenningaryfirvald hvers aðildarríkis skal, innan eins mánaðar, senda viðurkenningaryfirvöldum hinna aðildarríkjanna afrit af gerðarviðurkenningarvottorði ökutækis (ásamt meðfylgjandi eyðublaðum) fyrir hverja gerð ökutækis sem það hefur viðurkennt eða synjað um viðurkenningu eða afturkallað viðurkenningu fyrir.

6. Viðurkenningaryfirvald hvers aðildarríkis skal mánaðarlega senda viðurkenningaryfirvöldum hinna aðildarríkjanna skrá (þar sem fram komi atriði XIII. viðauka) yfir viðurkenningar á kerfi, íhluta eða aðskilinni tæknieiningu sem það hefur veitt, synjað um eða afturkallað í þeim mánuði; að auki skal það, við móttöku umsóknar frá viðurkenningaryfirvaldi annars aðildarríkis, senda þegar í stað afrit af gerðarviðurkenningarvottorði fyrir kerfi, íhluta eða aðskilda tæknieiningu og/eða upplýsingasafn fyrir hverja gerð kerfis, íhluta eða aðskilda tæknieiningu sem það hefur viðurkennt, synjað um eða afturkallað viðurkenningu fyrir.

5. gr.

Breytingar á viðurkenningu

1. Aðildarríki sem veitt hefur gerðarviðurkenningu skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að það verði látið vita um allar breytingar sem gerðar eru á atriðum sem fram koma í upplýsingasafninu.

2. Umsókn um breytingar á eða útvíkkun gerðarviðurkenningar er einungis heimilt að leggja fram í aðildarríkinu sem veitti gerðarviðurkenninguna upphaflega.

3. Nú hafa atriði í upplýsingasafni breyst varðandi viðurkenningu á kerfi, íhluta eða aðskilinni tæknieiningu og skal þá viðkomandi viðurkenningaryfirvald aðildarríkisins:

- gefa út endurskoðaða síðu eða endurskoðaðar síður úr upplýsingasafni eftir þörfum og merkja hverja endurskoðaða síðu þannig að eðli breytingarinnar og dagsetning endurútgáfunnar sé greinilegt. Þá skal ætíð þegar endurskoðaðar síður eru gefnar út, breyta atriðaskránni með upplýsingasafninu (sem fylgir viðurkenningarvottorðinu) þannig að sjá megi síðustu dagsetningar endurskoðaðra síðna, og

- gefa út endurskoðað viðurkenningarvottorð (merkt með aukastaf) ef einhverjar upplýsingar þess (að frátöldum meðfylgjandi gögnum) hafa breyst eða ef kröfur tilskipunarinnar hafa breyst frá gildandi dagsetningu viðurkenningarinnar. Á endurskoðaða vottorðinu skulu ástæður fyrir endurskoðuninni og dagsetningu endurútgáfu koma greinilega fram.

Áliti viðurkenningaryfirvald viðkomandi aðildarríkis að breyting á upplýsingasafni kalli á nýjar prófanir eða athuganir skal það tilkynna framleiðanda þar um og gefa einungis út ofangreind skjöl eftir að búið er að framkvæma nýjar prófanir eða athuganir.

4. Nú hafa atriði í upplýsingasafni breyst varðandi viðurkenningu á ökutæki og skal þá viðkomandi viðurkenningaryfirvald aðildarríkisins:

- gefa út endurskoðaða síðu eða endurskoðaðar síður úr upplýsingasafni eftir þörfum og merkja hverja endurskoðaða síðu þannig að eðli breytingarinnar og dagsetningu endurútgáfunnar sé greinilegt. Þá skal ætíð þegar endurskoðaðar síður eru gefnar út, breyta atriðaskránni með upplýsingasafninu (sem fylgir viðurkenningarvottorðinu) þannig að sjá megi síðustu dagsetningar endurskoðaðra síðna, og
- gefa út endurskoðað viðurkenningarvottorð (merkt með aukastaf) ef einhverjar upplýsingar þess (að frátöldum meðfylgjandi gögnum) hafa breyst eða ef kröfur tilskipunarinnar hafa breyst frá gildandi dagsetningu viðurkenningarinnar. Á endurskoðaða vottorðinu skulu ástæður fyrir endurskoðuninni og dagsetningu endurútgáfu koma greinilega fram.

Áliti viðurkenningaryfirvald viðkomandi aðildarríkis að breyting á upplýsingasafni kalli á nýja skoðun skal það tilkynna framleiðanda þar um og gefa einungis út ofangreind skjöl eftir að búið er að framkvæma skoðun að nýju. Endurskoðuð skjöl skulu send öllum öðrum viðurkenningaryfirvöldum innan mánaðar.

5. Ef gerðarviðurkenning ökutækis fellur úr gildi vegna þess að viðurkenning eða viðurkenningar út frá sértilskipunum sem vísað er til í upplýsingasafni eru ekki lengur í gildi, skulu viðurkenningaryfirvöld aðildarríkisins sem veitti viðurkenninguna senda viðurkenningaryfirvöldum annarra aðildarríkja, innan mánaðar, tilkynningu um það, ásamt viðkomandi dagsetningu eða raðnúmeri síðasta ökutækis sem hefur verið framleitt samkvæmt gamla vottorðinu.

6. gr.

Samræmisvottorð

1. Framleiðandi skal, sem handhafi gerðarviðurkenningar ökutækis, gefa út samræmisvottorð (fyrirmyndir að þeim er að finna í IX. viðauka) er fylgi hverju ökutæki, fullbúnu sem ófullbúnu, sem framleitt er í samræmi við viðurkennda gerð ökutækis. Ef um er að ræða ófullbúna eða fullbúna gerð ökutækis í áföngum skal framleiðandi einungis fylla út þá hluta á bls. 2 á samræmisvottorðinu sem bætt hefur verið við eða breytt á viðkomandi þrepi viðurkenningar og, ef við á, láta fylgja með vottorðinu öll samræmisvottorð frá fyrra þrepi eða fyrri þrepum.

2. Aðildarríki geta samt sem áður, vegna sköttunar ökutækis eða skráningar þess, farið fram á að einstök atriði sem ekki er getið um í IX. viðauka komi fram í samræmisvottorði að því tilskildu að þau séu nákvæmlega tiltekin í upplýsingasafninu eða hægt sé að reikna þau út frá því með einföldum hætti, en skulu þá tilkynna það hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni með þriggja mánaða fyrirvara hið minnsta.

Aðildarríki geta einnig farið fram á að þannig sé frá samræmisvottorðinu í IX. viðauka gengið, að upplýsingar sem eru innlendum lögbærum yfirvöldum nauðsynlegar og nægilegar fyrir sköttun og skráningu séu auðkenndar.

3. Framleiðandi skal, sem handhafi gerðarviðurkenningar íhluta eða aðskilinnar tæknieiningar, festa á hvern íhluta eða hverja einingu sem framleidd er í samræmi við viðurkennda gerð, viðskiptaheiti eða vörumerki, gerð og/eða, sé kveðið á um það í sértilskipun, gerðarviðurkenningarmerki eða -númer. Þó er framleiðanda heimilt, í síðara tilvikinu og kjósi hann það, að festa ekki á viðskiptaheiti eða vörumerki eða gerð.

4. Framleiðandi skal, sem handhafi gerðarviðurkenningarvottorðs sem kveður á um, í samræmi við ákvæði 4. mgr. 4.gr., takmarkanir á notkun, láta fylgja með hverjum framleiddum íhluta eða hverri framleiddri einingu ítarlegar upplýsingar um umræddar takmarkanir og skilyrði fyrir áfestingu þeirra.

7. gr.

Skráning og notkun

1. Öll aðildarríki skulu skrá, leyfa sölu eða að nýtt ökutæki sé tekið í notkun af ástæðum er varða smíði þeirra og gang ef og því aðeins ef þeim fylgir gilt samræmisvottorð. Aðildarríkjum er heimilt að neita að skrá ófullbúin ökutæki til frambúðar eða að þau séu

tekin í notkun þar til þau eru fullbúin í áföngum en skulu þó leyfa sölu á þeim.

2. Öll aðildarríki skulu heimila sölu eða að íhlutar eða aðskildar tæknieiningar séu teknar í notkun ef og því aðeins ef þær standast kröfu viðkomandi sértilskipunar og kröfur sem um getur í 3. mgr. 6. gr. að því tilskildu að þetta eigi ekki við um íhluta eða aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru til notkunar í ökutækjum sem eru að fullu eða að hluta undanþegnar tilskipuninni eða hún gildi ekki um þau.

3. Komist aðildarríki að raun um að ökutæki, íhlutar eða aðskildar tæknieiningar af tiltekinni gerð séu alvarleg ógnun við umferðaröryggi, enda þótt þeim fylgi gilt samræmisvottorð eða séu merkt á réttan hátt, er aðildarríkinu heimilt í sex mánuði hið mesta að neita að skrá slíkt ökutæki eða banna sölu þeirra, íhlutanna eða aðskildu tæknieininganna eða að þau, íhlutarnir eða aðskildu tæknieiningarnar sé teknar í notkun á yfirráðasvæði sínu. Aðildarríkið skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um þetta þegar í stað og tilgreina ástæður fyrir ákvörðun sinni. Véfengi aðildarríki, sem hefur veitt gerðarviðurkenninguna, ógn við umferðaröryggi sem því hefur verið tilkynnt um skulu hlutaðeigandi aðildarríki leitast við að jafna þann ágreining. Framkvæmdastjórninni skal lútin í té vitneskja um málið og skal hún, ef þörf krefur, boða til viðeigandi samráðsfunda til að ná samkomulagi.

8. gr.

Undanþágur og annars konar málsmeðferð

1. Kröfur 1. mgr. 7. gr. gilda ekki um:

— ökutæki til notkunar af her, við almannavarnir, í slökkvistarfi og af þeim aðilum sem ábyrgjast skulu að lögum og reglu sé haldið uppi,

— ökutæki sem viðurkenna á í samræmi við 2. mgr.

2. Aðildarríkjum er heimilt, að ósk framleiðanda, að veita undanþágu frá ákvæði eða ákvæðum sértilskipunar eða sértilskipana:

a) Ökutæki sem eru raðframleidd í fáum eintökum

Fjöldi slíkra ökutækja í gerðarhópi sem eru skráð, seld eða tekin í notkun í viðkomandi aðildarríki skal ekki vera meiri á ári en sá einingafjöldi sem um getur í XII. viðauka. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni skrá yfir slíkar viðurkenningar árlega. Aðildarríkið sem veitir slíka viðurkenningu skal senda viðurkenningaryfirvöldum hinna aðildarríkjanna, tilnefnd af framleiðanda, afrit af viðurkenningavottorði ásamt meðfylgjandi gögnum og tilgreina ástæður fyrir undanþágum sem veittar hafa verið. Hin aðildarríkin

skulu, innan þriggja mánaða, ákveða hvort og fyrir hvaða fjölda eininga þau samþykkja gerðarviðurkenninguna þannig að ökutækin megi skrá á yfirráðasvæði þeirra. Að því er varðar viðurkenningar sem veittar eru í samræmi við þennan lið skulu kröfur 3., 4., 5., 6., 10. og 11. gr. einungis gilda ef þær eru taldar eiga við að áliti viðurkenningaryfirvalda. Ef undanþága er veitt í samræmi við þennan lið er aðildarríkinu heimilt að krefjast að sett verði önnur viðeigandi ákvæði,

b) Afgangsokutæki

1. Aðildarríkjunum er heimilt að skrá og leyfa sölu á nýjum ökutækjum og að þau séu tekin í notkun þó þau séu í samræmi við gerð sem hefur viðurkenningu sem er ekki lengur gild skv. 5. mgr. 5. gr., innan þeirra marka sem eru tilgreind í B-hluta XII. viðauka og í takmarkaðan tíma.

Þetta ákvæði gildir einungis um ökutæki sem:

— voru á yfirráðasvæði Evrópubandalagsins, og

— sem fylgdi gilt samræmisvottorð sem gefið hafði verið út

þegar gerðarviðurkenning viðkomandi ökutækis var enn í gildi en hafði ekki verið skráð eða tekið í notkun þegar umrædd gerðarviðurkenning féll úr gildi.

Þessi möguleiki er einungis tiltækur innan 12 mánaða fyrir fullbúin ökutæki og 18 mánaða fyrir ófullbúin ökutæki frá þeim degi sem gerðarviðurkenningin féll úr gildi.

2. Ef beita á 1. mgr. eina eða fleiri gerðir ökutækja skal framleiðandi leggja fram beiðni þar um til lögbærra yfirvalda aðildarríkisins sem viðurkenndi viðkomandi gerð eða gerðir ökutækja áður en sértilskipanir eða breytingar við þær tóku gildi.

Í beiðninni skal tilgreina þær tæknilegu og/eða fjárhagslegu ástæður sem hún er byggð á.

Nú samþykkir aðildarríkið beiðnina og skal það þá, innan mánaðar, senda lögbærum yfirvöldum hinna aðildarríkjanna upplýsingar um og ástæður að baki undanþágum sem framleiðanda eru veittar ásamt þeim upplýsingum sem kveðið er á um í 5. mgr. 5. gr.

Sérhvert aðildarríki sem slíkar gerðir ökutækja eru teknar til notkunar í skal ábyrgt fyrir því að tryggja að framleiðandi virði ákvæði B - hluta XII. viðauka.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni árlega skrá yfir veittar undanþágur og ástæður fyrir þeim.

- c) *Ökutæki, íhlutar eða aðskildar tæknieiningar sem innihalda tækni eða eru hannaðar þannig að þær geta ekki, vegna tiltekinna eiginleika, verið í samræmi við kröfur sértilskipunar eða -tilskipana.*

Ef um slíkt er að ræða skal aðildarríkið sem veitti slíka viðurkenningu senda viðurkenningar-yfirvöldum hinna aðildarríkjanna, innan mánaðar, afrit af viðurkenningarvottorði og meðfylgjandi gögnum þess og skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar, þegar í stað, þar sem fram komi:

- ástæðan að baki því að tækni eða hönnun koma í veg fyrir að ökutækið, íhlutinn eða aðskilda tæknieiningin geta ekki verið í samræmi við kröfur í viðkomandi sértilskipun eða -tilskipunum,
- lýsing á viðkomandi öryggisþáttum og umhverfisvörnum og þeim ráðstöfunum sem gerðar hafa verið,
- lýsing á prófunum og niðurstöðum þeirra sem sýna eiga fram á að öryggi og umhverfisvarnir eiga að vera jafngildar hið minnsta og kveðið er á um með kröfum sértilskipunar eða -tilskipana,
- tillögur að breytingum á viðkomandi sértilskipunum eða tillaga að nýrri sértilskipun eða -tilskipunum, eftir því sem við á.

Framkvæmdastjórnin skal, innan þriggja mánaða og í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 13. gr., ákveða hvort skýrslan verði samþykkt eða ekki.

Samþykki framkvæmdastjórnin skýrsluna er aðildarríkinu heimilt að gefa út gerðarviðurkenningu í samræmi við þessa tilskipun og framkvæmdastjórnin mun gera nauðsynlegar ráðstafanir til að aðlaga sértilskipunina eða -tilskipanirnar að því sem undanþágan var veitt fyrir. Gerðarviðurkenningin skal ekki gilda í meira en 24 mánuði en framkvæmdastjórn er heimilt að framlengja hana að beiðni aðildarríkisins sem veitti gerðarviðurkenninguna.

3. Viðurkenningarvottorð sem gefin eru út í samræmi við 2. mgr., en fyrirmyndir að þeim er að finna í VI. viðauka, skulu ekki hafa fyrrisögnina „EBE-gerðarviðurkenningarvottorð fyrir ökutæki“ nema í tilvikinu sem um getur í c-lið 2. mgr. þar sem framkvæmdastjórnin er búin að samþykkja skýrsluna.

9. gr.

Samþykki jafngilda viðurkenninga

1. Ráðið getur viðurkennt, með auknum meirihluta og að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, jafngildi milli skilyrða eða ákvæða fyrir gerðarviðurkenningu kerfa, íhluta og aðskildra tæknieininga sem er að finna í þess-

ari tilskipun og viðurkenninga samkvæmt alþjóðlegum reglum, eða reglum landa utan bandalagsins innan ramma marghliða eða tvíhliða samninga milli bandalagsins og landa utan þess.

2. Viðurkenna skal jafngildi alþjóðlegra reglna sem taldar eru upp í 2. hluta IV. viðauka og samsvarandi sértilskipana. Viðurkenningaryfirvöld aðildarríkjanna skulu samþykkja viðurkenningar í samræmi við þessar reglur og, ef við á, viðkomandi viðurkenningarmerki í stað samsvarandi viðurkenninga og/eða viðurkenningarmerkja í samræmi við jafngildar sértilskipanir. Alþjóðlegu reglurnar sem taldar eru upp skal birta í *Stjórnartíðindum EB*.

10. gr.

Samræmi framleiðsluhátta

1. Aðildarríki sem veitir gerðarviðurkenningu skal gera nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við X. viðauka varðandi þá viðurkenningu til að sannreyna, í samvinnu við viðurkenningaryfirvöld hinna aðildarríkjanna ef þarf, að fullnægjandi eftirlit sé fyrir hendi til að tryggja að framleidd eintök ökutækja, kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga séu í samræmi við viðurkennda gerð.

2. Aðildarríki sem hefur veitt gerðarviðurkenningu skal gera nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við X. viðauka varðandi þá viðurkenningu til að sannprófa, í samvinnu við viðurkenningaryfirvöld hinna aðildarríkjanna ef þarf, að eftirlitið sem um getur í 1. mgr. til að tryggja að framleidd eintök ökutækja, kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga séu í samræmi við viðurkennda gerð haldi áfram að vera fullnægjandi. Sannprófun á að framleiddar vörur séu í samræmi við viðurkennda gerð skulu afmarkaðar við aðferðirnar sem lýst er 2. hluta X. viðauka og í þeim sértilskipunum sem innihalda sérstakar kröfur um þetta efni.

11. gr.

Ósamræmi við viðurkennda gerð

1. Finnist frávik frá atriðunum í gerðarviðurkenningarvottorðinu og/eða upplýsingasafni og ekki er heimild frá aðildarríkinu sem veitti gerðarviðurkenninguna fyrir þessum frávikum skv. 3. eða 4. mgr. 5. gr. telst vera um ósamræmi við viðurkennda gerð að ræða. Ökutæki telst ekki víkja frá viðurkenndri gerð ef vikmörk eru tilskilin í sértilskipunum og þau vikmörk eru virt.

2. Ef aðildarríki sem hefur veitt EBE-gerðarviðurkenningu kemst að raun um að ökutæki, íhlutar eða aðskildar tæknieiningar sem hafa samræmisvottorð eða sem á er viðurkenningarmerki samrýmist ekki þeirri gerð sem það viðurkenndi skal það gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framleidd eintök ökutækja, íhluta eða aðskildra tæknieininga séu í samræmi við viðurkennda gerð. Viðurkenningaryfirvöld þess ríkis skulu tilkynna yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum um ráðstafanir sem gripið hefur verið til og geta, ef nauðsyn krefur, leitt til afturköllunar á EBE-gerðarviðurkenningu.

3. Sýni aðildarríki fram á að ökutæki, íhlutar eða aðskildar tæknieiningar sem hafa samræmisvottorð eða sem á er viðurkenningarmerki séu ekki í samræmi við viðurkennda gerð, er því heimilt að fara fram á að aðildarríkið sem veitti gerðarviðurkenninguna að sannprófi að ökutæki, íhlutar eða aðskildar tæknieiningar sem framleidd eru séu í samræmi við viðurkennda gerð. Þetta skal sannprófa svo fljótt sem unnt er og a.m.k. innan sex mánaða frá þeim degi sem farið er fram á það.

4. Ef um er að ræða:

- gerðarviðurkenningu ökutækis þar sem ósamræmi ökutækisins stafar eingöngu af ósamræmi kerfis, íhluta eða aðskildrar tæknieiningar, eða
- fjölþrepa gerðarviðurkenningu þar sem ósamræmi fullbúins ökutækis í áföngum stafar eingöngu af ósamræmi kerfis, íhluta eða aðskildrar tæknieiningar sem eru hluti af ófullbúnu ökutæki eða af ófullbúna ökutækinu sjálfu

skulu yfirvöld ökutækjaviðurkenningar fara fram á við aðildarríkið eða -ríkin sem veittu viðeigandi kerfi, íhluta, aðskilinni tæknieiningu eða ófullkomnu ökutæki gerðarviðurkenninguna eða -viðurkenningarnar að nauðsynlegar ráðstafanir verði gerðar til að tryggja að framleidd ökutæki verði í samræmi við viðurkennda gerð. Það skal gert svo fljótt sem unnt er og innan sex mánaða hið minnsta frá þeim degi sem farið er fram á það, í samvinnu við aðildarríkið sem beiðnin kom frá ef þarf. Ef ósamræmi er staðfest skulu viðurkenningaryfirvöld aðildarríkisins sem veitti kerfi, íhluta eða aðskildri tæknieiningu gerðarviðurkenningu eða viðurkenninguna fyrir ófullbúið ökutæki gera þær ráðstafanir sem lýst er í 2. mgr.

5. Viðurkenningaryfirvöld í aðildarríkjunum skulu innan eins mánaðar tilkynna hvert öðru um sérhverja afturköllun á gerðarviðurkenningu og um ástæður fyrir slíkum ráðstöfunum.

6. Véfengi aðildarríki, sem hefur veitt gerðarviðurkenningu, skort á samræmi sem því hefur verið tilkynnt um skulu hlutaðeigandi aðildarríki leitast við að jafna þann ágreining. Framkvæmdastjórninni skal látin í té

vitneskja um málið og skal hún, ef þörf krefur, boða til viðeigandi samráðsfunda til að ná samkomulagi.

12. gr.

Tilkynning um ákvarðanir og lagaúrræði

Allar ákvarðanir, teknar samkvæmt ákvæðum sem samþykkt eru til framkvæmdar þessari tilskipun þar sem sýnað er um gerðarviðurkenningu eða hún dregin til baka eða skráningu neitað eða sala bönnuð skulu ítarlega rökstuddar. Ákvörðun skal tilkynnt hlutaðeigandi aðila og um leið skulu honum kynnt þau lagaúrræði sem hann getur nýtt sér samkvæmt gildandi lögum í aðildarríkjunum og sá frestur sem hann hefur til þess.

13. gr.

Aðlögun viðaukanna

1. Hér með er komið á fót nefnd (hér eftir kölluð „nefndin“) sem sér um að aðlaga tilskipanir í samræmi við tækniframfarir; í nefndinni skulu sitja fulltrúar frá aðildarríkjunum og fulltrúi frá framkvæmdastjórninni og er hann jafnframt formaður.

2. Allar breytingar sem nauðsynlegar eru til að laga:

- viðaukana að þessari tilskipun, eða
- ákvæði sértilskipana, að öðru leyti en gert er ráð fyrir í þeim

skulu gerðar í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 3. mgr. Þessi málsmeðferð skal einnig gilda um ný ákvæði um gerðarviðurkenningu aðskildra tæknieininga í sértilskipunum.

3. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu fyrir þau tímamörk sem formaður setur eftir því hversu brýnt málið er. Álit skulu samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans ef um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu er skylt að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni veга eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaður greiðir ekki atkvæði.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekkert aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

4. Ef ráðið samþykkir, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, nýja sértilskipun skal það á grundvelli sömu tillögu samþykkja viðeigandi breytingar á viðkomandi viðaukum við þessa tilskipun.

14. gr.

Tilkynning um viðurkenningaryfirvöld og tækniþjónustu

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um nöfn og pósthöfn:

— gerðarviðurkenningaryfirvalda og, ef við á, þau svið sem yfirvöldin eru ábyrg fyrir, og

— tækniþjónustu sem þau hafa tilnefnt, þar sem tilgreint er hvaða prófanir hver um sig hefur verið tilnefnd fyrir. Starfsemi tilkynntrar þjónustu skal vera í samræmi við samræmda staðla fyrir rekstur prófunarstofa (EN 45001) með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:

- i) framleiðanda má ekki tilnefna sem tækniþjónustu nema skýrt ákvæði sé um það í sértilskipun;
- ii) að því er þessa tilskipun varðar er ekki talið óvenjulegt þó tækniþjónusta noti annan búnað en sinn eigin, hafi samþykki viðurkenningaryfirvalda verið fengið fyrir því.

2. Litið skal svo á að starfsemi tilkynntrar þjónustu sé í samræmi við samræmda staðla en þó er framkvæmdastjórninni heimilt, ef við á, að fara fram á að aðildarríkið færi á það sönnur.

Einungis er heimilt að tilkynna um tilnefningu tækniþjónustu frá landi utan bandalagsins innan ramma tvíhliða eða marghliða samkomulags milli bandalagsins og landsins utan þess.“;

2. Í stað I. til III. viðauka komi viðaukar við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari 31. desember 1992 eða fyrr og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Þeim ber að beita þessum ákvæðum frá 1. janúar 1993.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun

þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Að því er gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki varðar skulu aðildarríkin eingöngu beita þessari tilskipun um ökutæki í flokki M₁ með brunahreyfli þar til breyting á viðaukunum í samræmi við 13. gr. tilskipunar 70/156/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, hefur verið gerð þannig að hún nái einnig til ökutækja í flokki M₁ með öðrum hreyflum en brunahreyflum og ökutækja í öðrum flokkum. Þar til sú breyting verður gerð gilda ákvæði 10. gr. tilskipunar 70/156/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 87/403/EBE, um gerðarviðurkenningu ökutækja í öðrum flokkum.

3. Aðildarríki skulu einungis beita 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/156/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, ef framleiðandi óskar, til 31. desember 1995 fyrir fullbúin ökutæki og til 31. desember 1997 fyrir fullbúin ökutæki í áföngum eftir fjölþrepa gerðarviðurkenningu. Þangað til skulu aðildarríkin veita ökutækjum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum innlenda gerðarviðurkenningu og leyfa skráningu, sölu og að þau séu tekin í notkun í samræmi við ákvæði 10. gr. tilskipunar 70/156/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 87/403/EBE.

4. 1. og 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 70/156/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, skulu ekki gilda um ökutæki, íhluta og aðskildar tæknieiningar sem tilheyra gerð sem fengið hefur innlenda gerðarviðurkenningu fyrir 1. janúar 1996 eða 1. janúar 1998 eða gerð sem aðildarríki hefur skráð, leyft sölu á eða að tekin séu í notkun fyrir 1. janúar 1996 eða 1. janúar 1998, fyrr en 31. desember 1997 fyrir fullbúin ökutæki og 31. desember 1999 fyrir fullbúin ökutæki í áföngum eftir fjölþrepa gerðarviðurkenningu.

Viðurkenningar sem eru hluti af innlendra gerðarviðurkenningu sem um getur hér á undan og sem veittar hafa verið samkvæmt sértilskipunum skulu halda gildi eftir 31. desember 1997 fyrir fullbúin ökutæki og eftir 31. desember 1999 fyrir ökutæki eftir fjölþrepa gerðarviðurkenningu nema eitt af skilyrðunum sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 70/156/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, gildi.

5. Með fyrirvara um a og b-liði 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 70/156/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, skulu 3. og 4. mgr. ekki heimila aðildarríkjum að víkja frá neinum ákvæðum sértilskipunar sem mælir fyrir um kröfur sem byggjast á algerrri samræmingu varðandi gerðarviðurkenningu og að ökutæki, íhlutar eða aðskildar tæknieiningar séu tekin notkun fyrsta sinni.

3. gr.

Framkvæmdastjórnin skal semja skýrslu, eigi síðar en 31. desember 1994 og á grundvelli viðkomandi upplýsinga sem lögbær yfirvöld láta í té, um beitingu evrópsku gerðarviðurkenningarinnar þar sem undantekningarákvæði í 8. gr. til-

skipunar 70/156/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, eru sérstaklega athuguð og um áhrif hinnar nýju meginreglu um samræmingu í mismunandi aðildarríkjunum og þar sem við á gera tillögur um nauðsynlegar breytingar til að bæta fyrirkomulag gerðarviðurkenningar, meðal annars aðlögun sértilskipana að hinnu nýju meginreglu um samræmingu, og til að auðvelda að ökutæki séu tekin í notkun í aðildarríkjunum en breytingar þessar skulu gerðar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt var fyrir um í 13. gr. tilskipunar 70/156/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 18. júní 1992.

Fyrir hönd ráðsins,

Vitor MARTINS

forseti

SKRÁ YFIR VIÐAUKA

- I. viðauki Heildarskrá yfir upplýsingar fyrir gerðarviðurkenningu ökutækis
- II. viðauki Skilgreining á flokkum ökutækja og gerðum þeirra
- III. viðauki Upplýsingaskjal fyrir gerðarviðurkenningu ökutækis
- IV. viðauki Skrá yfir kröfur fyrir gerðarviðurkenningu ökutækis
- V. viðauki Tilhögun við viðurkenningu ökutækis
- VI. viðauki EBE-gerðarviðurkenningarvottorð fyrir ökutæki
- VII. viðauki Númerakerfi viðurkenningavottorðs
- VIII. viðauki Niðurstöður prófana
- IX. viðauki EBE-samræmisvottorð
- X. viðauki Aðferðir til að tryggja samræmi í framleiðslu
- XI. viðauki Eiginleikar ökutækja til sérstakra nota og ákvæði um þau
- XII. viðauki Mörk fyrir ökutæki sem eru raðframleidd í fáum eintökum og afgangsökutæki
- XIII. viðauki Skrá yfir viðurkenningar sem eru gefnar út með skírskotun til sértílskipana
- XIV. viðauki Tilhögun við fjölþrepa gerðarviðurkenningu

I. VIÐAUKI (a)

HEILDARSKRÁ YFIR UPPLÝSINGAR FYRIR GERÐARVIÐURKENNINGU ÖKUTÆKIS

(Upplýsingaskjöl sem nefnd eru í þessari tilskipun og í sértilskipunum skulu einungis vera úrdrættir úr þessari heildarskrá og skulu fylgja númerakerfi hennar.)

Eftirfarandi upplýsingar, eigi þær á annað borð við, skal gefa í þrítí og með efnisyfirliti. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar í A4 stærð eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar. Ef rafknúinn stjórnbúnaður er á kerfum, íhlutum eða aðskildum tæknieiningum skulu fylgja upplýsingar um hvernig hann vinnur.

0.	ALMENNT
0.1.	Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
0.2.	Gerð og almennt verslunarheiti):
0.3.	Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu ^(b) :
0.3.1.	Staðsetning auðkennisins:
0.4.	Flokkur ökutækisins ^(c) :
0.5.	Nafn og heimilisfang framleiðanda:
0.6.	Staðsetning lögboðinna merkiplatna og áletrana og aðferð við að festa þær á
0.6.1.	á undirvagni:
0.6.2.	á yfirbyggingu:
0.7.	Staðsetning og festing EBE-gerðarviðurkenningarmerkis, ef um er að ræða íhluta og aðskildar tæknieiningar:
0.8.	Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:
1.	ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR ÖKUTÆKISINS
1.1.	Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki:
1.2.	Málsett teikning af öllu ökutækinu:
1.3.	Fjöldi ása og hjóla:
1.3.1.	Fjöldi og staðsetning ása með tvöföld hjól:
1.3.2.	Fjöldi og staðsetning stýriása:
1.3.3.	Aflásar (fjöldi, staðsetning, samtenging):
1.4.	Undirvagn (ef einhver er) (heildarteikning):
1.5.	Efni í langbitum ^(d) :
1.6.	Staðsetning og fyrirkomulag hreyfils:
1.7.	Stýrishús (framliggjandi, framliggjandi að hálfu, venjulegt) ^(e) :
1.8.	Stýri, hægra eða vinstra megin:

2. MASSAR OG MÁL ^(e) (í kg og mm) (Sjá teikningu þar sem við á)
- 2.1. Hjólhaf eða -höf (við fullt álag) ^(f):
- 2.1.1. Fyrir festivagna: bilið á milli áss dráttarstólstengipinna og fremsta áss að aftan:
- 2.2. Fyrir dráttartæki:
- 2.2.1. Bil milli dráttarstóls og aftari áss (hámark og lágmark)^(g):
- 2.2.2. Hámarkshæð dráttarstóls (stöðluð)^(h):
- 2.2.3. Bil milli afturhluta stýrishúss og aftari áss eða ása:
- 2.2.3.1. Bil milli afturhluta stýrishúss og aftari áss eða ása (fyrir undirvagn með stýrishúsi):
.
- 2.2.3.2. Bil milli aftasta enda stýrishjóls og aftari áss eða ása (fyrir undirvagn án stýrishúss)
.
- 2.3. Sporvidd ása og breidd
- 2.3.1. Sporvidd hvers stýriáss ⁽ⁱ⁾:
- 2.3.2. Sporvidd allra annarra ása ^(j):
- 2.3.3. Breidd breiðasta aftari áss:
- 2.3.4. Breidd aftasta áss:
- 2.4. Stærðarsvið ökutækisins (heildarmál)
- 2.4.1. Fyrir undirvagn án yfirbyggingar
- 2.4.1.1. Lengd ^(k):
- 2.4.1.2. Breidd ^(l):
- 2.4.1.2.1. Hámarksbreidd:
- 2.4.1.2.2. Lágmarksbreidd:
- 2.4.1.3. Hæð (án hleðslu)^(m) (ef upphengjur eru stillanlegar fyrir hæð skal gefa upp eðlilega stöðu við akstur):
- 2.4.1.4. Útskögungun að framan ⁽ⁿ⁾:
- 2.4.1.5. Útskögungun að aftan ^(o):
- 2.4.1.6. Bil frá jörðu (eins og það er skilgreint í lið 4.5.4 í A – hluta II. viðauka):
- 2.4.1.7. Bil á milli ása (ef um margása ökutæki er að ræða):
- 2.4.2. Fyrir undirvagn með yfirbyggingu
- 2.4.2.1. Lengd ^(k):
- 2.4.2.2. Breidd ^(l):
- 2.4.2.3. Hæð (án hleðslu)^(m) (ef upphengjur eru stillanlegar fyrir hæð skal gefa upp eðlilega stöðu við akstur):
- 2.4.2.4. Útskögungun að framan ⁽ⁿ⁾:
- 2.4.2.5. Útskögungun að aftan ^(o):
- 2.4.2.6. Bil frá jörðu (eins og það er skilgreint í lið 4.5.4 í A – hluta II. viðauka):
- 2.4.2.7. Bil á milli ása (ef um margása ökutæki er að ræða):

- 2.5. Massi tóms undirvagns (án stýrishúss, kælivökva, olíu, eldsneytis, varahjóls, áhalda eða öku-
manns):
- 2.5.1. Dreifing massans milli ásanna:
- 2.6. Massi ökutækisins með yfirbyggingu tilbúins til aksturs eða massi undirvagns með stýrishúsi ef
framleiðandi hefur ekki fest yfirbyggingu á (með kælivökva, olíu, eldsneyti, áhöldum, varahjóli
eða öikumanni) ^(°) (hámark og lágmark fyrir hvora gerð):
- 2.6.1. Dreifing massans milli ásanna og, ef um er að ræða festivagn eða eftirvagn með miðlægum ás,
hleðslu á tengipunkt (hámark og lágmark fyrir hvora gerð):
- 2.7. Lágmarksmassi ökutækisins eins og framleiðandi hefur tilkynnt hann:
- 2.7.1. Dreifing massans milli ásanna og, ef um er að ræða festivagn eða eftirvagn með miðlægum ás,
hleðslu á tengipunkt:
- 2.8. Tæknilega leyfileg hámarksþyngd með hleðslu eins og framleiðandi hefur tilkynnt hana (hámark
og lágmark fyrir hvora gerð)^(°):
- 2.8.1. Dreifing massans milli ásanna og, ef um er að ræða festivagn eða eftirvagn með miðlægum ás,
hleðslu á tengipunkt (hámark og lágmark fyrir hvora gerð):
- 2.9. Tæknilega leyfileg hámarksþyngd á hvern ás eins og framleiðandi hefur tilkynnt hana og, ef um
er að ræða festivagn eða eftirvagn með miðlægum ás, hleðsla á tengipunkt:
- 2.10. Hámarksmassi eftirvagns sem má tengja:
- 2.10.1. Eftirvagn:
- 2.10.2. Festivagn:
- 2.10.3. Eftirvagn með miðlægum ás:
- 2.10.3.1. Hámarkshlutfall útskögunar tengis ^(°) miðað við hjólhaf:
- 2.10.3.2. Hámarksgildi V (kN):
- 2.10.4. Hámarksmassi fyrir samtengd ökutæki:
- 2.10.5. Ökutækið er/er ekki⁽¹⁾ búið til að toga hleðslu (gildir eingöngu um ökutæki í flokki M₁)
- 2.10.6. Hámarksmassi eftirvagns án hemla:
- 2.11. Lóðrétt hámarkshleðsla
- 2.11.1. Á tengipunkti dráttartækis fyrir eftirvagn:
- 2.11.2. Á tengibeisli eftirvagns:
- 2.12. Skábraut:
- 2.13. Afl hreyfils/hámarkshlutfall massa (kW/kg)
- 2.14. Hámarkshalli við gangsetningu:
3. HREYFILL ⁽⁴⁾
- 3.1. Framleiðandi:
- 3.1.1. Hreyfilmerki framleiðanda: (Eins og það sem sett er á hreyfilinn eða annars konar auðkenni): .
.....
- 3.2. Brunahreyfill
- 3.2.1. Upplýsingar um hreyfil
- 3.2.1.1. Vinnsluháttur: rafkveikja/þrýstikveikja, fjörgengishreyfill/tvígengishreyfill⁽¹⁾

- 3.2.1.2. Fjöldi og fyrirkomulag strokka:
- 3.2.1.2.1. Borvídd (¹): mm
- 3.2.1.2.2. Slaglengd (¹): mm
- 3.2.1.2.3. Kveikiröð:
- 3.2.1.3. Slagrými (⁸): cm
- 3.2.1.4. Rúmmálsþrýstihlutfall (²):
